

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. desember 2012 í máli nr. S-596/2012:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

Henry Arnari Hálfánarsyni

(Ástriður Gísladóttir hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 14. nóvember sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru 31. ágúst 2012 á hendur Henry Arnari Hálfánarsyni, kennitala 000000-0000, Búagrund 5, Kjalarnesi, fyrir kynferðisbrot með því að hafa, aðfaranótt eða snemma að morgni sunnudagsins 12. júní 2011, að Víkurbraut 21a, Vík í Mýrdal, leitað á A, kennitala 000000-0000, þar sem hann lá við hlið ákærða í tvíbreiðu rúmi, strokið bak hans og kynfæri innanklæða og kysst hann á munninn.

Er háttsemin talin varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í málinu er höfð uppi skaðabótakrafa af hálfu brotaþola á hendur ákærða um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum 1.200.000 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá því að hið bótaskylda atvik átti sér stað til þess dags er mánuður er liðinn frá því að ákæra var birt sakborningi en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda ákærða er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvalds og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Hvolsvelli frá sunnudeginum 12. júní 2011 var þann dag kl. 8.33 tilkynnt um bílveltu við Víkurfjall nokkru sunnan við afleggjara að Heiði. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að ekki hafi verið um tilkynnt slys að ræða og að vitni að atburðinum myndi bíða á vettvangi þar til

lögregla kæmi. Fram kemur að lögregla hafi verið mætt á vettvang kl. 9.11. Á staðnum hafi verið ungur maður, A, sem hafi greint frá því að hann hafi verið ökumaður og verið einn í bifreiðinni OD-799. Er A brotþoli í máli því sem hér er til meðferðar. Hafi áfengisþef lagt frá vitum ökumanns og hafi hann gengist undir öndunarpróf. Hafi niðurstaða mælinga sýnt 1.85 o/oo áfengis. Hafi brotþoli greint frá því að hann hafi ekið í geðshræringu frá Vík í Mýrdal en hann hafi verið gestkomandi vestast í þorpinu hjá Gísla Daníel Reynissyni. Hafi brotþoli gefið í skyn að vinnuveitandi hans, sem hafi verið eigandi bifreiðarinnar, hafi leitað á hann kynferðislega þá skömmu áður á heimilinu þar sem þeir hafi verið gestkomandi. Nafngreindi brotþoli vinnuveitandann sem Henry Arnar Hálfánarson, ákærða í máli þessu. Hafi hann ákveðið að taka kveikjuláslykla bifreiðarinnar og fara á brott áleiðis til Reykjavíkur. Væri hann ekki búinn að gera upp hug sinn hvort hann myndi leggja fram kærú á hendur ákærða vegna kynferðislegrar áreitni en ákærði hafi káfað á honum. Í skýrslunni er tekið fram að brotþoli hafi verið mjög niðurbrotinn vegna þessa. Þá er tekið fram í frumskýrslu lögreglu að ákærði hafi haft símasamband kl. 13.12. Hafi komið fram að ákærði ætlaði sjálfur að hafa samband við brotþola um málið. Hann ætlaði ekki að kæra atvikið að sinni og bjóst hann ekki við að svo yrði. Síðar sama dag kl. 10.25 er tekin skýrsla af brotþola hjá lögreglu vegna málsins. Í skýrslunni kemur fram að brotþoli hafi verið gestkomandi og við vinnu í Vík í Mýrdal. Hafi hann gist hjá Gísla Daníel sem ræki fyrirtæki til aðstoðar við kvikmyndagerð. Vinnuveitandi brotþola, ákærði, væri eigandi bifreiðarinnar OD-799. Hafi brotþoli greint frá því að hann hafi byrjað að drekka áfengi um kl. 23.30 og hafi hann verið við drykkju á heimili Gísla Daníel. Einnig hafi hann drukkið áfengi á bar ekki langt frá. Hafi brotþoli drukkið fjóra hálf lítra bjóra og tvö sterk áfengisskot. Síðar hafi hann farið aftur á heimili Gísla Daníel og lagst til hvíldar. Hafi hann ekki vitað hvað klukkan hafi verið þá. Hafi hann verið með svefnpoka og lagst inn í herbergi með ákærða. Hafi hann verið hálf vakandi og meðvitaður um hvað hafi verið í gangi. Hafi hann talað við ákærða og lent í djúpum samræðum við hann og snertingum án vilja brotþola. Hafi brotþoli farið á salernið og síðan út á svalir í „klessu“. Þegar hann hafi komið til baka í stofuna hafi hann séð bíllykla ákærða á stofuborði og skó ákærða. Hafi hann tekið bílinn og brunað hratt í burtu og ekið út frá Vík. Skömmu síðar hafi hann misst stjórn á bifreiðinni. Væri brotþoli ekki búinn að gera upp hug sinn hvort hann myndi kæra ákærða fyrir kynferðislega áreitni, en ákærði hafi káfað á honum.

Samkvæmt niðurstöðu úr áfengismælingu mældist 1.98 o/oo af áfengi í þvagi brotþola eftir aksturinn og 1.55 o/oo áfengis í blóði. Fram kemur að þvagsýni hafi verið tekið kl. 12.10 en blóðsýni kl. 10.52. Í tilefni að beiðni verjanda ákærða fór ríkissaksóknari þess á leit við Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði að greina sýni sem tekin voru til rannsóknar úr brotþola, en óskað var mats á etanólstyrk í blóði um kl. 4.15 og kl. 8.33 þann dag sem brotþoli ók bifreið. Í álitni rannsóknarstofunnar frá 5. nóvember 2012 kemur fram að rannsókn sýni að etanólstyrkur hafi náð hámarki í blóði hlutaðeigandi og verið farinn að falla um kl. 9.47. Það styðji niðurstaða úr seinna blóðsýni. Ekki sé hægt að meta saman niðurstöðu úr blóði og þvagi, þar sem of langur tími hafi liðið á milli töku sýnanna. Ekki sé hægt að reikna með nákvæmni etanólstyrk í blóði ökumanns um 5 klukkustundum fyrr. Ef gengið sé út frá því að drykkju hafi að mestu verið lokið kl. 3.00, nema hálfur bjór kl. 4.15 til 4.30, sé nær víst að etanólstyrkur í blóðinu hafi verið a.m.k. 2 o/oo.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá fimmtudeginum 4. júlí 2011 mætti brotþoli á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til þess að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gegn brotþola þann 12. júní 2011. Brotþoli gerði við þetta tilefni grein fyrir atvikum málsins umrætt sinn.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 10. október og 2. nóvember 2011. Þá gaf hann skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Ákærði kvað frænda sinn, Gísli Daniel Reynisson, hafi hringt í sig föstudaginn 10. júní 2011 vegna atriða tengdum húsi á truck sem hafi verið notað við kvikmyndatökur. Hafi rafkerfi verið bilað og Gísli Daniel beðið ákærða um aðstoð. Hafi ákærði svarað því til að ekki væri það auðvelt þar sem ákærði hafi verið að vinna ásamt brotþola. Hafi Gísli Daniel ítrekað þessa ósk sína. Á þessum tíma hafi mikið átakamál verið í gangi fyrir austan tengd friðlandinu í Dyrhólaey. Hafi Gísli Daniel farið fyrir hópi aðgerðarsinna sem hafi fjarlæggt lokanir á friðlandinu. Nokkur læti hafi skapast vegna þessa. Þessi atriði hafi borið á góma í símtali þeirra á föstudeginum. Á laugardeginum hafi ákærði sagt brotþola frá því sem hafi verið að gerast fyrir austan og nokkur spenna orðið vegna þessa. Á laugardeginum hafi Gísli Daniel hringt og sagt að hiti væri kominn í málið fyrir austan og hvort ákærði gæti ekki komið á laugardeginum. Hafi ákærði sagt að hann væri að vinna í hljóðveri með mönnum sem hefðu áhuga á þessu máli og brotþoli verið þar á meðal. Hafi Gísli Daniel litist mjög vel á að þeir kæmu allir austur. Hafi þeir verið við sína vinnu fram eftir laugardeginum. Að vinnudegi loknum hafi þeir farið heim til brotþola, sem tekið hafi saman svefnpoka sinn og fleira. Hafi brotþoli óskað eftir því að leynd hvíldi yfir þessu gagnvart foreldrum sínum. Hafi ákærði rætt við foreldra brotþola á meðan brotþoli hafi tekið dót sitt saman. Í framhaldi hafi þeir farið heim til ákærða þar sem þeir hafi snætt kvöldmat. Í framhaldi hafi þeir búið sig til ferðar austur. Eiginkona ákærða hafi verið óhress með ferðalagið. Þeir hafi ekið austur og hitt fyrir Gísli Daniel. Hafi hann sagt að ekki væri þörf á neinum aðgerðum það kvöldið. Hafi hann boðið þeim bjór að drekka á heimili sínu. Síðar um kvöldið hafi þeir farið á bar skammt frá heimili Gísli Daniel. Á staðnum hafi þeir verið í um eina klukkustundu og mikið af fólki verið þar. Staðnum hafi verið lokað kl. 1.00 um nóttina og fólk farið heim til Gísli Daniel í framhaldi. Þar hafi staðið gleðskapur fram yfir klukkan 3.00 um nóttina. Um klukkan 4.00 hafi síðustu gestir farið og húsráðandi sagt að hann ætlaði að fara að sofa. Ákærði, brotþoli og Hjalti Andrés Sigurbjörnsson, sem verið hafi með þeim í för, hafi þá sótt svefnpoka sína út í bifreiðina. Húsráðandi hafi boðið góða nótt. Þeir þrír hafi farið út á svalir við íbúðina þar sem þeir hafi spjallað saman stutta stund. Hafi þeir um leið lokið við að drekka þá bjóra sem þeir hafi verið með í hendi. Eftir það hafi þeir farið inn á nýjan leik og sólin verið að koma upp á þeim tíma. Ákærði kvaðst ekki hafa áttað sig á tímasetningum á þessum tíma. Eftir að málið kom upp og hann farið yfir tímasetningar og tengi hann veruna úti á svölum við sólarupprásina. Hafi hann síðar séð á almanaki hvenær sólarupprásin hafi verið á þessum tíma fyrir austan og hafi hún verið um kl. 4.00 um morguninn. Af þessum ástæðum hafi framburður hans hjá lögreglu verið ónákvæmur. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 10. október 2011 var skýrsla ákærða um þetta atriði á þann veg að gleðskapur hafi verið á heimili Gísli Daniels til um kl. 5.00 um morguninn. Gestir hafi farið um það leyti og þeir þá ákveðið að fara að sofa. Ákærði bar að þeir hafi verið inni í stofu og Hjalti sest í sófastól. Ákærði hafi farið inn í gestaherbergi, sem þeir hafi átt að nota, en þar hafi verið tvíbreytt rúm. Ákærði kvaðst hafa sett svefnpoka sinn inn í þetta herbergi. Úti á svölum hafi ákærði og brotþoli átt saman klámfengið tal tengt tiltekinni stelpu.

Um hafi verið að ræða „fyllerísraus“. Er ákærði hafi verið lagstur til hvílu í rúminu hafi brotápoli komið inn í herbergið með svefnpoka sinn og lagst við hlið ákærða í rúmið. Hafi ákærði ekki átt frumkvæði að því að brotápoli kæmi inn í herbergið til að sofa. Báðir hafi þeir verið klæddir á þeim tíma. Aftur hafi farið af stað umræðan um stelpuna og hafi hún þróast á þá leið að báðir ættu þeir að vera með henni. Í herberginu hafi ákærði spurt hvort þeir ættu báðir að vera með henni. Hafi brotápoli svarað því til að hann væri til í það, gæfist færi á því. Í framhaldi af þessu hafi ákærði spurt brotáþola hvernig honum gengi varðandi fikniefni, en hann hafi vítað að brotápoli hafi áður verið í neyslu efna. Hafi brotápoli sagt að þetta væri ekkert mál. Á meðan hann væri með ákærða þyrfti hann ekki að nota nein lyf. Hann hafi verið í erfiðu sambandi við stúlku og þá þurft að nota efni. Hafi sú stúlka verið með sjálfsvígshugsanir. Hafi ákærði spurt hvort brotápoli hafi verið með stelpum eftir það og brotápoli sagt að hann treysti stelpum ekki eftir þetta. Hafi hann sagt að hann væri í vafa um kynmynd sína og að hann hneigðist ef til vill til karlmannna. Hafi ákærði fundið á brotáþola að tekið hafi á hann að segja frá þessu. Hafi ákærði þá klappað á bak brotáþola af umhyggjusemi. Hafi hann sagt brotáþola að hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur því fólk fengi oft efasemdir. Hafi brotápoli þá spurt ákærða hvort hann væri samkynhneigður. Hafi ákærði sagt að á því hafi hann ekki haft áhuga. Af hálfu brotáþola hafi umræðan í framhaldi beinst að eiginkonu ákærða, sem hafi verið ósátt við ferðina austur. Hafi brotápoli spurt hvernig eiginkonu ákærða liði með að þeir væru að ræða þessi mál. Í framhaldi af þessu hafi þeir farið að sofa og ákærði sofnað þar sem hann hafi verið talsvert þreyttur. Hafi hann ekki orðið var við neitt og ekki orðið var við er brotápoli hafi farið á brott. Hafi ákærða fundist umræðan um stúlkuna óþægileg og hafi hún verið ósiðleg. Ákærði kvaðst hafa verið vakinn næsta morgun um kl. 10.30 og brotápoli þá verið farinn. Komið hafi þá í ljós að brotápoli hafi tekið bifreið ákærða og velt henni. Ákærði kvaðst hafa fengið áfall. Ákærði kvaðst hafa skilið skó sína eftir við rúm sitt er hann hafi farið að sofa. Þeir hafi verið horfnir um morguninn. Ákærði kvaðst hafa sofið nær hurðinni í herberginu um nóttina. Skór brotáþola hafi verið á þeim stað er skór ákærða hafi verið. Ákærði hafi einnig tekið eftir um morguninn að lykklar að bifreið ákærða og pípa ákærða hafi verið horfin, sem og húfa er hann hafi átt. Síðar þennan dag er ákærði hafi komist í bifreið sína hafi hann séð að farsími ákærða hafi einnig verið í bifreiðinni. Væri ákærði ekki viss um hvort hann hafi skilið símann eftir í bifreiðinni. Einnig hafi hafnarboltakylfa fundist í bifreiðinni en hana hafi Gísli Daníel átt. Ákærði kvaðst hafa verið ölvaður þessa nótt. Hann hafi hins vegar verið meðvitaður um umhverfi sitt og hafi hann vel getað haldið uppi samræðum. Þá hafi hann ekki verið reikull í spori og væri minni hans frá atburðum næturinnar mjög gott. Myndi hann minnstu smáatriði. Hafi hann sennilega drukkið 5 til 6 bjóra um nóttina, auk þess sem hann hafi drukkið 2 staup af sterku áfengi á barnum um nóttina. Ákærði sagði sig og brotáþola ekki hafa verið neitt sérstaklega nána á þessum tíma. Hafi brotápoli verið fremur dulur. Utan vinnu hafi þeir átt einhver samskipti, en þau hafi verið fag- eða vinnutengd. Hafi ákærði aðstoðað brotáþola við lokaverkefni sitt í iðnnámi og brotápoli fengið aðstoð við verkeið á heimili ákærða. Ákærði kvað brotáþola hafa tekið að sér einhver verkefni tengd hljóðupptökum í hljóðverum. Hafi ákærði útvegað brotáþola einhver verkfæri. Hafi þetta verið í upphafi samstarfs þeirra. Einnig hafi brotápoli fengið að láni hjá ákærða fjölspora upptökuvél, en á þeim tíma hafi brotápoli verið að útbúa hljóðupptökuver heima hjá brotáþola. Þeim hlutum er ákærði hafi lánað brotáþola hafi verið skilað eftir atvikið. Hafi þeir að hluta til verið skildir eftir við heimili ákærða. Upptökuvélin hafi verið komið í hús í einhverju hljóðupptökuværi í bænum.

Ákærði kvaðst í fyrstu ekki hafa haft hugmynd um að brotþoli hafi borið á hann sakir um kynferðisbrot. Hafi ákærði rætt við fósturföður ákærða sem hafi brugðist illa við. Hafi fósturfaðirinn skammað ákærða og sagt að hann bæri ábyrgð á því slysi sem brotþoli hafi lent í. Hafi ákærða brugðið við þetta. Hafi fósturfaðirinn sagt að þetta væri allt vegna þeirrar kynlífsreynslu er brotþoli hafi lent í á Vík. Þá hafi ákærða farið að gruna að samtal það sem þeir hafi átt um nóttina hafi átt þátt í því að brotþoli hafi tekið bifreið ákærða. Hafi ákærði sagt við fósturföðurinn að ekkert hafi gerst. Hafi fósturfaðirinn sagt að samskiptum ákærða og brotþola væri lokið. Ekki hafi borist í tal við fósturföðurinn að kærur yrðu ekki lagðar fram. Fyrir þennan sama dag hafi móðir brotþola hringt í ákærða og sagt að sonur hennar hafi tekið bifreið ákærða og velt henni. Hafi hún spurt ákærða hvort brotþoli hafi komist í einhver efni um nóttina. Hafi ákærði sagt að svo væri ekki. Hafi hún sagt að brotþoli hafi sagt við sig að hann hafi orðið fyrir upplifun. Hafi hún spurt ákærða hvort kæra yrði lögð fram vegna bifreiðarinnar og ákærði þá sagt að kæra væri honum ekki efst í huga. Ákærði kvað kærana hafa haft mikil áhrif á sig og fjölskyldu sína. Eftir atburðinn hafi hann ekki lengur getað starfað hjá verkfræðistofunni Mannvit hf. Samt sem áður hafi honum ekki beinlínis verið sagt upp störfum en honum verið gert ljóst að hann nyti ekki trausts lengur. Þá hafi ákærði verið virkur í félagsstarfi á vegum Landsbjargar og verið bakhjarl fyrir ýmis skátamót. Eftir atvikið hafi hann fengið bréf frá skátahreyfingunni þar sem honum hafi verið vikið úr henni. Þannig hafi verið klippt á allt hjá ákærða og öll félagsleg tengsl hans. Hafi hann upplifað gríðarlegt áfall. Hafi hann þurft að leita til fagaðila vegna andlegs ástands síns. Hjá lögreglu greindi ákærði ekki frá því að tilgangur með ferðinni austur hafi að einhverju leyti verið að taka þátt í aðgerðum í friðlandinu Dyrhólaey. Fyrir dómi bar ákærði að honum hafi ekki fundist rétt að greina frá því máli hjá lögreglu þar sem það hafi á sínum tíma verið kært til lögreglu. Hafi meðal annars verið um að ræða þjófnað á hliðum og girðingum.

Brotþoli gaf skýrslu vegna málsins hjá lögreglu 4. júlí og 14. október 2011. Þá gaf hann skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Einnig gaf brotþoli skýrslu vegna ölvunarakstursins 12. júlí 2011, bæði hjá lögreglu sem og fyrir dómi við aðalmeðferð þessa máls. Brotþoli hefur greint frá því að hann hafi verið í Tækniskólanum er ákærði hafi átt leið hjá. Hafi ákærði spurt hvort brotþola vantaði vinnu og boðið brotþola að „víra upp“ hljóðupptökuver úti á Granda. Hafi brotþoli þegið það. Þar hafi ákærði stungið upp á því að fá brotþola á samning og brotþoli þegið það. Hafi brotþoli því verið á starfssamningi hjá ákærða tengt námi í rafeindavirkjun í Tækniskólanum frá því í byrjun október 2010. Hafi ákærði verið að vinna í „hljóðupptökubransanum“. Hafi brotþoli og ákærði verið búnir að vera að vinna í kringum hljóðupptökuver við að laga tæki og fleira. Einnig hafi ákærði útvegað brotþola vinnu hjá verkfræðistofunni Mannviti hf., en sú vinna hafi átt að vera sumarvinna. Sú vinna hafi einkum snúist um að hjálpa ákærða við það sem ákærði hafi verið að gera. Þar hafi brotþoli byrjað að vinna 26. maí 2011. Verkfræðistofan hafi greitt laun brotþola.

Ákærði, brotþoli og Hjalti Andrés Sigurbjörnsson, vinur ákærða, hafi farið saman í vinnuferð að Vík í Mýrdal laugardaginn 11. júní 2011. Hafi ákærði boðið brotþola að koma með í þessa ferð. Ætlunin hafi verið að gera við einhverjar tengingar í upptökubíl sem frændi ákærða, Gísli Daniel Reynisson hafi átt. Þá hafi einhverjir hlutir verið að gerast tengdir Dyrhólaey og hafi einnig verið ætlunin að skoða hvað þar væri í gangi. Aðspurður af verjanda kvað brotþoli geta staðist að

hann hafi sett færslu inn á fésbók sína um að hann væri á leið í stríð. Er þeir hafi komið að Vík hafi þeir farið heim til Gísla Daníels. Hafi Gísli Daníel boðið upp á bjór að drekka. Kvaðst brotaþoli telja að hann hafi fengið einhverja bjóra að drekka hjá Gísla Daníel og staup af sterku áfengi. Hafi hann sennilega byrjað að drekka um kl. 11.00 um kvöldið. Síðar um kvöldið hafi verið farið á bar við hliðina á heimili Gísla Daníels. Þar hafi brotaþoli einnig drukkið bjóra og staup af sterku áfengi. Hafi hann þessa nótt sennilega í heildina drukkið 6 bjóra og 2 staup af sterku áfengi. Þegar staðnum hafi lokað hafi Gísli Daníel boðið fólki heim til sín þar sem haldið hafi verið samkvæmi. Þegar því hafi lokið hafi allir farið að sofa. Hafi brotaþoli ekki verið það mikið undir áhrifum áfengis á þessum tíma. Hafi hann verið með fulla rænu. Íbúðin hafi verið lítil og verið eitt stórt rými fyrir ofan bifvélaverkstæði. Í rýminu hafi verið tvö herbergi og salerni. Einnig hafi verið stórt herbergi sem hafi verið notað sem stofa. Loks hafi verið þar eldhús. Hægt hafi verið að ganga út á gám, sem hafi verið nokkurs konar svalir. Gísli Daníel hafi sofði í öðru herberginu. Hjalti Andrés hafi verið sofnaður í sófa í stofunni áður en brotaþoli hafi gengið til náða. Það geti hafa verið um kl. 5.00 um morguninn.

Ákærði hafi kallað á brotaþola og spurt hann að því hvort brotaþoli vildi ekki sofa inni í herbergi hjá ákærða. Hafi brotaþoli tekið vel í það og farið inn í herbergi til ákærða. Í herberginu hafi verið tvíbreytt rúm. Hafi brotaþoli legið í rúminu lengra frá inngangi inn í herbergið. Ákærði og brotaþoli hafi verið í fötum og verið með svefnpoka sem ábreiðu. Inni í herberginu hafi ákærði hafið óviðeigandi tal um að það væri „geðveikt að þrísoma einhverja gellu“ úr samkvæminu. Hafi brotaþoli eytt umræðunni í fyrstu. Ákærði hafi haldið áfram talinu og ákærði fært talið að fyrrum kannabisneyslu brotaþola. Brotaþoli kvaðst hafa reykt kannabis um tíma fram til þess tíma er hann hafi komist á samning hjá ákærða, en þá hafi hann hætt allri neyslu. Þá kvað brotaþoli það geta staðist er ákærði héldi fram að einhver mál tengd fyrrum kærustu brotaþola hafi borist í tal um nóttina. Aldrei hafi brotaþoli þó sagt, svo sem ákærði héldi fram, að brotaþoli efaðist um kynhneigð sína. Einnig hafi ákærði farið að segja að honum þætti vænt um brotaþola. Brotaþoli kvaðst hafa snúið sér undan og látist sofa. Brotaþoli hafi verið klæddur í buxur og bol. Hafi ákærði strokið brotaþola um bakið innanklæða. Hafi brotaþola fundist það kynferðislegt. Hafi ákærði hvíslað nafn brotaþola og brotaþoli ekki svarað. Brotaþoli hafi snúið með bakið að ákærða og legið á vinstri hlið. Hafi ákærði teygt sig yfir brotaþola, farið undir klæðnað brotaþola og komið við getnaðarlim brotaþola innanklæða. Í framhaldi hafi ákærði kysst brotaþola á munninn. Hafi brotaþoli þá sest upp í rúminu og spurt ákærða hvað væri í gangi. Hvort þetta væri eitthvað út af konu ákærða, en eitthvert vandamál eða ósætti hafi verið á milli ákærða og eiginkonu hans er þeir hafi farið frá Reykjavík þennan dag. Hafi ákærði neitað því og haldið áfram að strjúka brotaþola um bakið. Einnig hafi hann sagt að honum þætti „ógeðslega“ vænt um brotaþola. Hafi brotaþoli sagt að hann þyrfti að fara á snyrtinguna og farið út úr herberginu. Ákærði hafi þá verið vakandi. Hafi brotaþoli staðið upp og gengið hringinn í kringum rúmið og farið út um dyr herbergisins. Hafi hann gripið bjór og farið út á svalir íbúðarinnar og hugsað um þessa hluti. Þar hafi brotaþoli sennilega verið í um 30 mínútur og drukkið hálfan bjórinn. Hafi hann verið mikilli geðshræringu og grátið. Hafi brotaþoli séð lykla að bifreið ákærða á stofuborði. Hafi hann tekið þá og skó ákærða innan úr herbergi og farið út í bifreið ákærða. Skór ákærða hafi verið við dyr herbergisins en skór brotaþola verið hinu megin við rúmið og brotaþoli ekki viljað fara þangað til að ná í þá. Einnig hafi hann tekið með sér úr íbúðinni hafnaboltakylfu sér til varnar gagnvart einhverju sem hafi getað gerst í framhaldi,

svo sem ef einhver ætlaði að stöðva hann. Brotapoli hafi ekki tekið pípu ákærða, en hún hafi verið í bifreið ákærða. Hjalti og Gísli Daníel hafi á þessum tíma verið sofandi. Brotapola hafi fundist hann ekki geta verið lengur á staðnum. Á þessari stundu hafi brotapolan fundist aðstaða sín erfið. Hann hafi verið úti á landi og ákærði trúnaðarvinur brotapolan. Hafi brotapoli verið mjög vonsvikinn og ringlaður vegna atviksins. Hafi brotapoli engan þekkt á staðnum og ekki vitað af lögreglustöð á staðnum. Þá hafi Gísli Daníel og Hjalti Andrés verið vinir ákærða og brotapoli átt erfitt með að leita til þeirra. Brotapola hafi ekki fundist hann mjög drukkin en verið í miklum hugaræsingi vegna atburðarins í herberginu. Hafi brotapoli ekið af staðnum. Hafi hann ætlað að aka út úr bænum og stöðva þar til að hugsa hvað hann ætlaði að gera. Hafi hann ekki ætlað að aka alla leið til Reykjavíkur. Hafi hann ekki verið búinn að aka lengi er hann hafi velt bifreiðinni. Í beinu framhaldi hafi komið að bifreiðinni kona að nafni Ragnheiður og hafi brotapoli sagt henni frá öllu því sem gerst hafi og að hann hafi verið að flýja frá kynferðisbroti. Hafi Ragnheiður hringt á lögreglu. Um hálfri klukkustundu síðar hafi lögregla komið á staðinn. Í framhaldi hafi verið tekið blóðsýni úr brotapolan á heilsugæslustöð og lögregluskýrsla af ákærða á lögreglustöð. Eftir það hafi verið tekið annað blóðsýni úr ákærða og farið með hann á lögreglustöðina á Hvolsvelli. Á leiðinni á Hvolsvöll hafi Hjalti Andrés hringt í brotapolan og spurt hvar hann væri. Hafi brotapoli tjáð honum að hann væri á leið á Hvolsvöll í lögreglubifreið og að brotapoli hafi velt bifreið ákærða. Hafi þeir slitið samtalinu stuttu síðar. Í framhaldi hafi ákærði hringt í brotapolan og verið frekar „pirraður“ og sagt að þeir hafi verið á fyllerí og að engin ástæða hafi verið til að taka bifreiðina. Hafi brotapoli spurt ákærða hvort hann myndi eitthvað eftir því sem gerst hafi og ákærði neitað því. Hafi brotapoli þá sagt honum að brotapoli hafi ekki verið sofandi og hafi ákærði þá þagnað. Samtalinu hafi lokið og ákærði hringt stuttu síðar og þá verið blíðari og sagt að þeir þyrftu bara að halda áfram. Ákærði kvaðst hafa sagt lögreglumönnum frá atvikinu og þeir spurt hann hvort hann ætlaði að leggja fram kærú. Hafi brotapoli svarað því til að hann vissi ekki hvað hann ætlaði að gera. Fósturfaðir brotapolan hafi sótt hann á Hvolsvöll. Brotapoli kvaðst hafa verið undir áhrifum þessa nótt en ekki þannig að hann hafi ekki verið með fullri rænu.

Brotapoli kvaðst hafa átt mjög erfitt með þessa hluti alla saman. Hann hafi orðið mjög þungur eftir þetta og vonsvikinn. Hafi ákærði hjálpað brotapolan með allt. Hafi hann aðstoðað brotapolan með að smíða verkefnið í skólanum til sveinsprófs og útvegað honum vinnu hjá Mannviti hf. Hafi hann komið brotapolan í þennan svonefnda „stúdíóbransa“ sem brotapoli hafi haft mikinn áhuga á. Hafi brotapoli greint yfirmönnum sínum hjá Mannviti hf. frá atvikinu og brotapoli fengið leyfi úr vinnu vegna þessa. Einnig hafi Mannvit hf. útvegað brotapolan sálfræðiaðstoð. Hafi brotapoli ekki getað hugsað sér að fara aftur til vinnu í Helligheidarvirkjun. Vinna við rafeindavirkjun tengt hljóðverum hafi verið draumur brotapolan. Eftir atvikið hafi hann misst allan áhuga á því og verið mjög þunglyndur á eftir. Hafi hann meðal annars leitað til Stígamáta vegna atviksins. Að því er varðar tímasetningar kvaðst brotapoli telja að um klukkustund eða tvær hafi liðið frá því samkvæminu hafi lokið þar til hann hafi velt bifreiðinni.

Gísli Daníel Reynisson kvaðst búa að Vík í Mýrdal og hafi ákærði, brotapoli og Hjalti Andrés Sigurbjörnsson komið austur til hans laugardaginn 11. júní 2011. Tilgangur með ferðinni hafi verið að yfirfara rafmagn í húsi sem Gísli Daníel hafi verið með á bifreið. Hafi ákærði þekkt rafkerfi hússins vel. Á þessum tíma hafi verið í gangi mál tengt friðlandinu í Dyrhólaey. Eftir að hafa drukkið

heima hjá Gísla Daníel hafi þeir allir farið á bar sem hafi verið staðsettur í nágrenninu. Er þeim stað hafi verið lokað hafi allir farið aftur heim til Gísla Daníels. Barnum hafi verið lokað kl. 1.00 eftir miðnætti. Gísli Daníel kvaðst hafa farið að sofa sennilega um kl. 3.00 um nóttina. Ætlunin hafi verið að vinna næsta dag og hann talið rétt að fara ekki of seint að sofa. Er hann hafi farið að sofa hafi allt verið í stakasta lagi. Ákærði, brotþoli og Hjalti Andrés hafi þá verið vakandi. Ákærði og brotþoli hafi verið ölvaðir þessa nótt, þó svo að það hafi ekki verið áberandi. Hafi þeir verið góðgládir. Hafi allt verið í góðu á milli þeirra. Hafi þeir átt að sofa þannig að einn svæfi í aukaherbergi í íbúðinni og tveir í stofu. Hafi þeim verið í sjálfsvald sett hvernig þeir höguðu sínum málum. Næsta dag hafi Gísli Daníel orðið var við að brotþoli hafi yfirgefið staðinn. Hafi kylfa er Gísli átti fundist í bifreið ákærða næsta dag.

Hjalti Andrés Sigurbjörnsson kvaðst vera frændi ákærða. Hjalti, ákærði og brotþoli hafi farið austur laugardaginn 11. júní 2011. Hafi ákærði sagt að hann ætlaði að lagfæra bifreið fyrir Gísla Daníel. Þá hafi eitthvað mál verið í gangi fyrir austan tengt friðlandinu í Dyrhólaey. Fyrir austan hafi þeir, ásamt Gísla Daníel, farið á bar og hafi þeim stað verið lokað kl. 1.00 um nóttina. Eftir það hafi verið gleðskapur heima hjá Gísla Daníel og hafi þeim gleðskapur lokið um kl. 4.00 til 5.00 um morguninn. Kvaðst Hjalti hafa verið útivið um morguninn og þá hafi verið birting. Ásamt Hjaltta hafi verið þar úti ákærði og brotþoli. Hafi þeir verið að ræða saman og ákærði og brotþoli verið að ræða um stelpur og fleira. Ekki hafi Hjalti blandað sér í þær umræður og verið að klifra um á pallinum á meðan. Eftir það hafi þeir farið aftur inn og sest í sófa í stofunni. Þar hafi þeir spjallað saman og síðan farið að sofa. Hafi það verið innan við hálfri klukkustundu eftir að þeir komu inn af svölunum. Allir hafi þeir verið ölvaðir, þó svo þeir hafi ekki verið ofurölvi. Kvaðst Hjalti fljótlega hafa sofnað og brotþoli þá enn verið í sófa í stofunni. Hafi Hjalti reiknað með að brotþoli myndi sofa í stofunni eins og Hjalti. Kvaðst Hjalti ekki hafa orðið var við neitt eftir það. Er hann hafi vaknað næsta dag hafi hann áttáð sig á því að brotþoli var farinn á brott og að bifreið ákærða var sömuleiðis horfin. Hafi Hjalti hringt í brotþola og spurt hann hvar hann væri. Hafi brotþoli sagt að hann hafi velt bifreið ákærða og að hann væri í lögreglubifreið á leið á Hvolsvöll. Hafi Hjalti og ákærði fengið að vita hvar bifreið ákærða væri niður komin.

Ragnheiður Thorlacius kvaðst hafa verið á göngu að morgni sunnudagsins 12. júní 2011 er hún hafi gengið fram á umferðaróhapp. Hafi hún séð bifreið velt. Á meðan hún hafi hraðað sér í átt að bifreiðinni hafi hún hringt á lögreglu til að láta vita um óhappið. Í þann mund er hún hafi komið að bifreiðinni hafi ferðamenn verið komnir þar að. Brotþoli hafi verið nýskriðinn út úr bifreiðinni. Hafi ekki liðið meira en 2 til 3 mínútur frá veltunni þar til Ragnheiður hafi komið að bifreiðinni. Ferðamennirnir hafi farið á brott en Ragnheiður verið áfram hjá brotþola. Hafi hún rætt við brotþola. Hafi hún séð að hann var ekki slasaður en sennilega verið undir áhrifum áfengis. Hafi hún merkt það af því að hún hafi fundið áfengislykt stafa af honum. Eins hafi brotþoli sagt að hann hafi verið að drekka. Hafi þau rætt saman og hún sagt honum að hún myndi bíða hjá honum uns lögreglan kæmi. Mjög fljótlega hafi brotþoli sagt frá því að hann hafi verið í húsi á Vík ásamt ákærða. Einhverjir fleiri hafi verið á staðnum. Hafi ákærði leitað á hann kynferðislega. Hafi brotþoli ekki lýst því atviki nánar. Er tekin var símaskýrsla af Ragnheiði 10. október 2011 lýsti hún því einnig að brotþoli hafi sagt að hann og ákærði hafi farið upp í rúm saman og ákærði leitað á brotþola. Brotþola hafi fundist þetta „ógeðslegt“ og hafi sér verið mikið brugðið. Hann hafi orðið

ofsahræddur og tekið lykklana að bílnum og keyrt í burtu. Fyrir dómi greindi Ragnheiður frá því að brotþoli hafi sagt að hann hefði orðið að komast burt úr því húsi er hann hafi verið í. Hafi hann sennilega nefnt að ákærði ætti bifreiðina er hann hafi verið á. Ekki hafi brotþoli viljað að hringt væri í fjölskyldu sína og hún látin vita um atvikið. Þá hafi hann sagt að hann vildi ekkert gera í málinu þar sem hann hafi metið ákærða mikils og ætti mikið undir honum. Hafi ákærði reynst sér mjög vel. Hafi brotþoli átt nokkuð erfitt með að ræða þessa hluti og verið í nokkru áfalli. Ekki væri Ragnheiður viss um hvort hafi haft meiri áhrif á líðan brotþola, atburðurinn á Vík eða bílveltan. Hafi Ragnheiður ekki merkt neitt „rugl“ í frásögn brotþola og hafi frásögn hans ekki borið merki þess að brotþoli væri undir áhrifum áfengis. Hafi henni fundist brotþoli koma hreint fram, auk þess sem allt látbragð hans hafi verið með þeim hætti. Hafi Ragnheiður tjáð brotþola að hún myndi segja lögreglu frá þessu samtali þeirra um þetta atriði en það hafi hún talið rétt að gera. Hún hafi hins vegar skýrt tekið það fram að framhald málsins væri undir brotþola sjálfum komið. Um klukkustundu eftir óhappið hafi lögregla komið á vettvang. Brotþoli hafi verið rólegur og yfirvegaður allan tímann, miðað við aðstæður allar. Hann hafi þó eitthvað titrað eftir bílveltuna. Pípa hafi legið í vegkanti eftir veltuna. Myndi Ragnheiður eftir því að brotþoli hafi sagt að hann langaði til að reykja hana. Það hafi hann þó ekki gert. Í símaskýrslunni 10. október 2011 lýsti Ragnheiður því að henni hafi fundist brotþoli trúverðugur í frásögn sinni.

Guðmundur Ingi Ingason lögregluvarðstjóri kvaðst hafa sinnt útkalli vegna bílveltunnar. Hafi lögreglumenn farið frá Klaustri að Vík. Í tilkynningu hafi komið fram að ökumaður væri ekki slasaður og því hafi ekki verið ekið með aðvörunarljós lögreglubifreiðarinnar kveikt. Á vettvangi hafi verið ungur drengur og kona hjá honum. Drengurinn hafi verið í uppnámi og komið fram að hann hafi tekið þá bifreið er hann hafi velt í leyfisleysi í aðstæðum er hann hafi verið í. Hafi drengurinn sagt að leitað hafi verið á hann og hann þurft að flýja þær aðstæður. Ölvunarakstursmál þessa unga manns hafi farið sína venjulegu leið og verið tekin varðstjóráskýrsla af drengnum á lögreglustöð á Vík. Í þá skýrslu hafi verið sett lýsing á þessu atviki. Þvagsýni hafi verið tekið úr drengnum á Hvolsvelli. Hafi Guðmundur Ingi haft nokkrar áhyggjur af drengnum og hafi hann virst miður sín. Hafi frásögn drengsins af kynferðisbrotinu komið að fyrra bragði frá drengnum. Hafi Guðmundur Ingi skráð þá lýsingu niður í varðstjóráskýrslu vegna málsins. Fram hafi komið að drengurinn væri ekki ákveðinn í því að kæra þar sem um hafi verið að ræða vinnuveitanda hans. Hafi Guðmundi Inga skilist af frásögn drengsins að hann hafi farið af vettvangi kynferðisbrotsins í framhaldi af þeim verknáði. Framburður drengsins hafi verið skýr og hafi hann séð eftir því að hafa skemmt bifreið vinnuveitanda síns. Hafi hann verið í nokkru uppnámi og það sennilega stafað bæði af bílveltunni og þeim atburði er drengurinn hafi lýst. Á vettvangi hafi drengurinn verið á milli þess að vera ölvaður og áberandi ölvaður. Hafi hann ekki virst mjög ölvaður, þó svo blástur hafi gefið til kynna töluvert ölvunarástand.

Anton Kári Halldórsson héraðslögreglumaður kvaðst hafa sinnt útkallinu að Vík að morgni sunnudagsins. Drengurinn sem ekið hafi bifreiðinni undir áhrifum áfengis hafi verið ölvaður og í uppnámi. Hafi verið farið með hann til töku blóðsýnis vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis. Á lögreglustöð hafi drengurinn sagt að vinnuveitandi hans hafi leitað á drenginn. Hafi hann ekki lýst nánar í hverju það brot hafi verið fólgið. Hafi hann talað um kynferðislega áreitni. Drengurinn hafi verið rólegur og yfirvegaður á vettvangi þrátt fyrir bílveltuna. Hafi

framburður hans verið skýr, þó svo hann hafi verið sýnilega ölvaður. Hafi Guðmundur Ingi bent drengnum á að hann yrði sjálfur að leita réttar síns vegna kynferðisbrotsins.

B, fósturfaðir brotaþola, kvað brotaþola hafa hringt í sig að morgni sunnudagsins 12. júní 2011 og sagt að hann væri á leið á Hvolsvöll. Hafi hann sagt að hann væri í andlega slæmu ástandi og að hann hafi velt bifreið. Hafi hann beðið B um að koma austur til að ná í sig. Hafi B samstundis lagt af stað austur. Er B hafi hitt brotaþola fyrir austan hafi drengurinn verið rólegur en þungur. Hafi hann spurt drenginn hvað hafi komið fyrir og drengurinn verið seinn til svara. Hafi hann síðan sagt frá því að hann hafi orðið fyrir kynferðisbroti af hálfu ákærða með því að ákærði hafi leitað á hann kynferðislega. Að hann hafi í framhaldi tekið bifreið ákærða og velt henni. Hafi komið fram að brotaþoli og ákærði hafi rætt saman í síma og að ákærði myndi ekki leggja fram kæru á hendur brotaþola fyrir töku bifreiðarinnar. Við þessa frásögn hafi drengurinn brostið í grát. Hafi hann verið örvinglaður og grátið um stund. Hafi hann sofnaði í bifreiðinni og sofið þar til þeir hafi komið til Reykjavíkur. Þar hafi drengurinn farið beint að sofa. Næstu daga hafi brotaþoli lýst atburðinum frekar, þó svo B hafi aldrei fengið frá brotaþola nákvæma lýsingu á því broti er átt hafi sér stað. Ákærði hafi hringt á heimili B síðar þennan dag og hafi hann viljað ræða við brotaþola. Hafi B ekki viljað leyfa það en hann hafi viljað að brotaþoli ætti frumkvæði að samskiptum við ákærða. Hafi B sagt ákærða í símtalinu að brotaþola liði illa andlega. Hafi ákærði sagt að ekkert kynferðislegt hafi gerst á milli ákærða og brotaþola. Hafi B sagt að brotaþoli segði annað. Í framhaldi hafi þeir slitið samtalinu. B kvað líðan brotaþola hafa verið slæma eftir þetta. Hafi hann horfið inn í sig og orðið dapur. Hafi hann verið lengi að jafna sig. Hafi hann orðið örvæntingarfullur og ekki vitað hvernig hann ætti að bregðast við málinu. Þá hafi hann ekki þekkt brotaþoli af ósannsögli.

C, móðir brotaþola, kvað brotaþola hafa farið austur að Vík laugardaginn 11. júní 2011. Næsta dag hafi hann hringt og beðið B um að sækja sig en hann væri á leið á Hvolsvöll í lögreglubifreið. Hafi hún heyrt B spyrja brotaþola hvort ekki væri allt í lagi. Hafi brotaþoli sagt að hann væri í lagi líkamlega. B hafi farið austur og náð í brotaþola. Ákærði hafi hringt á heimilið síðar þennan dag og sagt að vinnuferðin austur hafi ekki tekist vel og endað í gleðskap. Hafi brotaþoli tekið bifreið ákærða og velt henni. Hafi C þá ekki vitað hvað hafi átt sér stað og spurt ákærða hvað hafi komið fyrir. Hafi ákærði sagt að verið gæti að brotaþola hafi fundist að sér þrengt. Hafi C fundist þetta undarlegt og spurt ákærða hvort eitthvað annað en áfengi hafi verið haft um hönd. Hafi ákærði neitað því. Hafi ákærði sagt að hann kenndi sér um hvernig farið hafi og að hann myndi ekki leggja fram kæru vegna bifreiðarinnar. Það hafi hann endurtekið og sagt að eiginkona ákærða væri ósátt við að þeir hafi farið austur. Brotaþoli hafi verið miður sín er hún hafi hitt hann. Hafi hann nánast ekkert getað sagt og farið að sofa. Hafi B gert C grein fyrir samtali þeirra í bifreiðinni á leið í bæinn. Þar hafi komið fram að ákærði hafi leitað kynferðislega á brotaþola, sem flúið hafi af vettvangi. C hafi rætt við son sinn síðar um atburðinn og hann lítið vilja ræða hann. Hafi hún sagt honum það sem B hafi sagt henni og að hann mætti ekki sjálfum sér um kenna hvernig farið hafi. Næstu daga hafi frásögn brotaþola komið smátt og smátt. Þar hafi komið fram að ákærði hafi stungið upp á að þeir myndu sofa saman í herbergi. Þar hafi ákærði talað um erfitt hjónaband og hann rætt dónalega við brotaþola. Hafi ákærði sett hendur inn á brotaþola og kysst hann. Brotaþoli hafi orðið hræddur og flúið af vettvangi. Brotaþoli hafi orðið mjög þungur eftir þetta atvik. Hafi verkfræðistofan Mannvit hf.

útvegað brotaþola sálfræðiaðstoð sem hann hafi þegið. Hafi brotþoli gefið upp draum sem hann hafi átt um að verða hljóðmaður. Hafi hann lokað sig meira og meira af og ekki viljað ræða um þetta. Viti hún til þess að honum líði illa vegna atviksins. Hafi atvikið haft áhrif á sjálfstraust brotaþola. Vissi hún til þess að brotaþoli hafi bundið miklar vonir við samstarfið við ákærða og hún heyrt ákærða hæla brotaþola. Hafi atvikið því verið mikið áfall fyrir brotaþola. Brotaþoli hefði upplifað svik. Bílveltan og skemmdir á bifreiðinni hafi einnig haft áhrif á brotaþola. Skortur á sjálfstrausti væri þó meira tengt broti ákærða. Hafi ákærði gefið brotaþola verkfæri á meðan þeir hafi starfað saman, auk þess að lána honum eitthvað. Þau hafi tekið þessa hluti saman eftir atvikið og skilað því til ákærða.

D, eiginkona ákærða, kvaðst hafa verið mjög ósátt við för ákærða og brotaþola austur. Hafi hún haft vitneskju um að Gísli Daníel hafi beðið ákærða um að koma austur vegna rafmagns í bíl og í tengslum við aðgerðir tengdar Dyrhólaey. Hafi hún verið ósátt við að ákærði tæki þátt í þeim aðgerðum, auk þess sem hún hafi verið ósátt við að ákærði tæki brotaþola með sér. Hafi hún ekki viljað að þeir hefðu of mikil samskipti. Samskipti þeirra hafi verið talsverð vegna náms brotaþola. Hún hefði viljað hafa sem minnst samskipti við hann þar sem hún hafi frá upphafi kunnað illa við hann. Hafi hún illa getað staðsett af hverju það hafi verið, en hún hafi síðar tengt það við fíkniefnaneyslu brotaþola. Bifreið sú er ákærði hafi farið á austur hafi eyðilagst af völdum brotaþola. Málið hafi allt haft gríðarlega mikil áhrif á ákærða. Hafi ákærði orðið kvíðinn og dregið úr öllum samskiptum við vini og kunningja. Þá hafi hann hrökklast úr vinnu er hann hafi verið í. Afleiðingin hafi orðið sú að hann treysti illa fólki.

Kristín Magnúsdóttir deildarstjóri á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti matsgerð frá 5. nóvember 2012 og gerði grein fyrir atriðum tengdum henni. Niðurstöður væru þær að brotaþoli hafi verið búinn að neyta töluverðs áfengis. Skimað hafi verið fyrir fíkniefnum en engin fundist. Almennt væri því þannig háttáð að einstaklingar sem mældust með 3 o/oo af áfengi í blóði væru mikið ölvaðir og nærri áfengiseitrun. Útreikningar í matsgerð væru almennir og þar sem tími í útreikningi væri talsverður væri ekki unnt að fullyrða um niðurstöður.

Eggert Birgisson sálfræðingur staðfesti sálfræðivottorð frá 12. nóvember 2012 varðandi brotaþola. Starfsmannastjóri verkfræðistofu Mannvits hf. hafi haft samband við Eggert og beðið hann um að ræða við brotaþola eftir atvik í vinnuferð. Bar hann að brotaþoli hafi komið þrisvar sinnum í viðtal. Hafi hann lýst umræddri ferð austur og atvikum tengdum henni. Hafi Eggert ekki farið yfir umrætt atvik sem tengdist ætluðu kynferðisbroti sérstaklega, þó svo brotaþoli hafi lýst háttseminni í almennum orðum. Hafi Eggert lagt fyrir brotaþola spurningalista, svo sem tíðkað væri í tilvikum sem þessum. Samkvæmt niðurstöðum hafi brotaþoli mælst með alvarlegt þunglyndi. Kvíði hafi verið til staðar en streita hafi verið eðlileg. Hafi brotaþoli sagt að hann hafi ekki glímt við þunglyndi áður. Hafi Eggert ráðlagt brotaþola að leita til Stígamóta vegna atviksins. Líðan brotaþola hafi breyst á milli viðtala. Kvaðst Eggert hafa tengt vanlíðan brotaþola við það kynferðisbrot er hann hafi sig talið verða fyrir. Í viðtölum hafi komið fram að brotaþoli hafi drukkið þessa nótt og tekið bifreið ákærða í óleyfi. Hafi hann útskýrt það þannig að hann hafi gert það vegna þess að hann hafi verið í uppnámi. Hafi honum þótt miður að valda tjóninu. Hafi Eggert ekki tengt líðan brotaþola við töku bifreiðarinnar eða veltuna. Ekki hafi komið fram í viðtölum að brotaþoli hafi á einhverjum tíma notað

fíkniefni. Væri þekkt að langvarandi neysla kannabis gæti haft áhrif á líðan viðkomandi. Í tilviki brotaþola hafi komið hápunktur á vanlíðaninni, sem síðar hafi fjarað út. Það geri það að verkum að Eggert tengi vanlíðanina við atvikið á Vík. Fremur lágt hlutfall fólks fái áfallastreituröskun í kjölfar áfalls, slyss eða náttúruhamfara. Hafi Eggert ekki séð ástæðu til að draga í efa frásögn brotaþola af atvikum.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök kynferðisbrot, með því að hafa aðfaranótt eða snemma að morgni sunnudagsins 12. júní 2011, að Víkurbraut 21a, Vík í Mýrdal, leitað á brotaþola þar sem hann lá við hlið ákærða í tvíbreiðu rúmi, strokið bak hans og kynfæri innanklæða og að hafa kysst hann á munninn. Er háttsemin samkvæmt ákæru talin varða við 199. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði neitar sök. Hefur hann viðurkennt að hann og brotaþoli hafi lagst til hvílu í tvíbreiðu rúmi umrætt sinn. Ákærði hafi lagst í rúmið á undan brotaþola og viðurkennir hann ekki að hafa boðið honum að koma að leggjast hjá sér. Þá hefur hann viðurkennt að hafa viðhaft ósiðlegt tal við brotaþola í rúminu og að hann hafi hughreyst brotaþola með því að klappa honum á bakið. Engin kynferðisleg áreitni hafi átt sér stað af hálfu ákærða gagnvart brotaþola.

Brotaþoli hefur lýst atburðum þessarar helgi í nokkur skipti. Tengist það því að hann var ákærður fyrir að aka bifreið undir áhrifum áfengis og gaf skýrslu hjá lögreglu og fyrir dómi vegna þess. Þá gaf hann í tvígang skýrslu hjá lögreglu vegna rannsóknar á kæru um kynferðisbrot, auk þess að gefa skýrslu hér fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Verjandi ákærða hefur dregið saman yfirlit um framburði brotaþola í þessi skipti í þeim tilgangi að sýna fram á, svo sem ákærði heldur fram, að framburður brotaþola hafi verið misvísandi í tengslum við atburði, sem dragi mjög úr trúverðugleika framburðar hans. Dómurinn hefur farið í gegnum þau atriði sem verjandi ákærða hefur bent á. Að mati dómsins hefur framburður brotaþola um meginatriði málsins verið stöðugur og brotaþoli trúverðugur um þau atriði sem hann hefur borið um. Að því verður að gæta að brotaþoli hefur margsinnis lýst þessum atburðum og jafnan verið spurður nánar út í einstök atriði tengd þeim. Af þeim ástæðum getur frásögn aldrei orðið nákvæmlega eins í hvert skipti.

Ákærði hefur lýst þessum atvikum í þrjú skipti. Vekur athygli að ákærði bar hjá lögreglu 10. október 2011 að samkvæminu að Víkurbraut hafi lokið um kl. 5.00 um morguninn. Hefur hann fyrir dómi lýst því að hann hafi ekkert fylgst með tímanum en tengi nú atburði við sólarupprás þennan morgun. Af því ráði hann að samkvæminu hafi lokið og ákærði gengið til náða um kl. 4.00 um nóttina. Þessi staðhæfing ákærða fær ekki stöð í gögnum málsins og veður að telja hana ósennilega þegar litið er til þess að ekkert annað er fram komið en að brotaþoli hafi tekið bifreið ákærða í heimildarleysi fljótlega eftir að hann kom inn af svölunum eftir að hafa dvalið þar um stund. Hafði hann þá skömmu áður yfirgefið herbergi ákærða. Er hér um síðbúna skýringu hjá ákærða að ræða.

Við mat á niðurstöðu er til þess að líta brotaþoli var að mati dómsins einkar trúverðugur í frásögn sinni af atburðum fyrir dóminum. Dró hann enga dul á þá staðreynd að hann hafi drukkið áfengi um nóttina og verið töluvert undir áhrifum

áfengis. Þrátt fyrir það var frásögn hans samfelld. Þá er til þess að líta að brotþoli var í töluverðu uppnámi er hann yfirgaf Víkurbraut að morgni 12. júní. Fær það stuðning í vætti Ragnheiðar Thorlacius er afskipti hafði af brotþola skömmu síðar og þess sem hún bar um það atriði. Fær það jafnframt stuðning í því að brotþoli yfirgaf Víkurbraut um nóttina án þess að láta þá vita er þar gistu, tók bifreið ákærða ófrjálsri hendi og ók henni undir áhrifum áfengis. Þá er einnig til þess að líta að brotþoli greindi Ragnheiði Thorlacius og lögreglumönnum sem komu á vettvang frá því að ákærði hefði brotið á honum kynferðislega og var frásögnin á nákvæmlega sama veg. Var það í beinu framhaldi af för brotþola af Víkurbrautinni þar sem brotþoli kvað brot ákærða hafa átt sér stað. Báru Ragnheiður og lögreglumenn að brotþoli hafi verið í uppnámi og tengdi Ragnheiður það fremur við brot ákærða heldur en bílveltuna. Í framburði Ragnheiðar og lögreglumanna kom jafnframt fram að brotþoli hafi verið greinargóður í frásögn sinni af atburðinum og skýr. Þá styður vottorð sálfræðings, sem annaðist brotþola eftir atvikið, það að brotþoli hafi verið áreittur kynferðislega. Í vottorðinu kemur fram að brotþoli hafi greinst með þunglyndi og kvíða eftir atvikið. Er það í samræmi við frásögn móður og fósturföður brotþola af líðan hans eftir atvikið. Í vætti Eggerts Birgissonar sálfræðings kom fram að hann tengdi þunglyndi brotþola við hið kynferðislega áreiti fremur en bílveltuna eða fikniefnaneyslu. Þegar þessi atriði eru virt telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi framið þau brot er í ákæru greinir. Með því að hafa strokið bak brotþola, kynfæri innanklæða og að hafa kysst hann hefur ákærði gerst sekur um kynferðisbrot svo sem í ákæru greinir. Er háttsemi ákærða rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í október 1967. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo kunnugt sé. Með hliðsjón af aldri og stöðu ákærða gagnvart brotþola og broti hans er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Þykir unnt að skilorðsbinda refsinguna svo sem í dómsorði greinir.

Brotþoli hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.200.000 krónur, auk vaxta. Í skaðabótakröfu kemur fram að um sé að ræða kröfu um miskabætur á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993. Er vísað til þess að brotið hafi haft mikil áhrif á brotþola. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart brotþola. Með ólögumætri og saknæmri háttsemi sinni hefur hann valdið brotþola tjóni. Á hann rétt á miskabótum vegna háttsemi ákærða. Fyrir dóminum liggur sálfræðivottorð sem styður þá staðhæfingu brotþola að hann hafi orðið fyrir miskatjóni og lýsir það nánar umfangi þess. Með hliðsjón af háttsemi ákærða og afleiðingum hennar þykja miskabæturnar hæfilega ákveðnar 600.000 krónur. Um vexti fer svo sem í dómsorði greinir.

Ákærði greiði sakarkostnað, málsvarnarlaun og þóknun réttargæslumanns svo sem í dómsorði greinir. Hefur við ákvörðun sakarkostnaðar verið tekið tillit til sakarkostnaðar samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti, aksturskostnaðar vitna og kostnaðar við vottorð sálfræðings. Þá hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknun réttargæslumanns.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Henry Arnar Hálfánarson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum 2 árum frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði A skaðbætur að fjárhæð 600.000 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. júní 2011 til 2. desember 2011 en með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 866.311 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ástríðar Gísladóttur hæstaréttarlögmanns, 502.000 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Hildar Björnsdóttur héraðsdómslögmanns, 251.000 krónur.

Símon Sigvaldason

Áslaug Björgvinsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir